



HAFNARFJÖRÐUR

1808500 - Fjárhags- og rekstraráætlun 2019

Lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingarinnar.

Í árshlutareikningi Hafnarfjarðarhafnar fyrir janúar - júní 2019, sem birtur er með fundargerð Hafnarstjórnar dags. 28. ágúst 2019, á vef Hafnarfjarðarbæjar, kemur fram að skammtímakröfur á „tengda aðila“ hafa hækkað á milli ára, frá því að vera 238.639.515 í ársreikningi 2018 en eru 343.595.037 við sex mánaða uppgjör 2019.

Í svörum við fyrirspurnum frá fulltrúa Samfylkingarinnar í Hafnarstjórn kemur fram að um er að ræða millilán til bæjarsjóðs.

Í ljósi þessa óskar undirrituð eftir:

- a) skýringum á þessari miklu hækkun milli ára, og
- b) samantekt á slíkum millilánum til bæjarsjóðs úr hafnarsjóði í ársreikningum árána 2014 - 2018 ásamt með 6 mánaða uppgjöri fyrir 2019.
- c) upplýsingum um það hvort önnur B-hluta fyrirtæki bæjarins hafi veitt bæjarsjóði sambærileg lán á sama tímabili og þær fjárhæðir sem um kann að vera að ræða.

Adda María Jóhannsdóttir

Svar við fyrirspurn:

- a) Staða bæjarins við Hafnarsjóð er sú sama í dag og hún var í árslok 2018. Bærinn gekk frá lántökum 4.07.2019 og endurgreiddi þá Höfninni 100 milljónir króna.
- b) Engin lán frá Hafnarsjóð til bæjarins á tímabilinu fyrr en árið 2018.
- c) Að Hafnarsjóð undanskildum er einungis einn sjóður fyrir Hafnarfjarðarbæ í heild sinni og því eru viðskiptastöður á milli allra sjóða sem breytast frá einum tíma til annars eftir útgjöldum, fjárfestingum og afborgunum lána.

Stærst er staðan milli eignasjóðs og aðalsjóðs en aðalsjóður átti 9,8 milljarða inni hjá eignasjóði árið 2013 og 14,5 milljarða í árslok 2018. Staðan milli annarra b-hluta fyrirtækja í árslok 2013 var sú að bærinn skuldaði nettó rúman 1 milljarð króna, árslok 2014 um 1,1, milljarð króna og í árslok 2018 um 1,2 milljarð króna.